

Mánudaginn 16. maímán.

Nr. 20/1887.

Rjettvísinn

gegn

Einari Einarssyni.

## D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, upp kveðnum 30. desember f. á., er hinn ákærði, Einar Einarsson, dæmdur fyrir innbrotspjófnad til að sæta 8 mánaða hegningarvinnu, til að borga skaðabætur 11 kr. 82 au. til Sesselju Þórðardóttur, og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til landsyfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, að hann hafi eina nótt í síðastliðnum septembermánuði farið frá heimili sínu, Miðkoti í Þykkvabæ, að býlinu Hávarðarkoti í því skyni að stela einhverju því, er hann kynni að finna; honum var kunnugt um það, að þar var innangengt úr fjósinu í frambæjarhús, sem brúkað var fyrir bú, og innangengt úr búrinu í bæinn; hann fór því fyrst inn í fjósið, er að eins var bundið aptur með snæri, síðan um göng úr fjósinu í búrið, hratt eða ýtti upp hurð í göngunum, en henni var lokað að innan með titti eða trje-loku, er hleypt var í keng í dyrastafnum, tók úr ólæstri kistu í búrinu 2 smjör-böggla, ljet þá ofan í poka, er hann hafði haft með sjer að heiman undir þýfið, og fór síðan heim með þá. Smjör þetta var 21½ pund eptir skýrslu eigandans, Sesselju Þórðardóttur, sem hinn ákærði hefur kannazt við að muni vera rjett, og hefur það verið virt á 11 kr. 82 aura; hinn ákærði ljet sumt smjórið upp í Járðar-afgjald, sumt lagði hann inn í kaupstað.—Þetta

afbrot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefur áður verið hegnt fyrir nokkurn glæp, er af hjeradsdómaranum með rjettu heimfært undir 231. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hinn ákærði hefur til unnið, samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Um iðgjöld og málskostnað í hjerði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Einar Einarsson, á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði; um iðgjöld og málskostnað í hjerði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Hinn ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.